



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 141/1392**  
**komudagur 7.2.2013**

6. febrúar 2013  
1301268

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, þingskjal 603 - 469. mál.

Með tölvupósti dags. 28. janúar sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að framlag lífeyrissjóða, skv. 6. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, verði ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna fyrir árin 2016 og 2017. Í núgildandi lögum er bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að slíkt framlag lífeyrissjóða verði ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna fyrir árin 2012–2015 og er því um framlengingu á tímabilinu að ræða til og með 2017. Í fylgiskjali með frumvarpinu segir að vonir standi til þess að með atvinnutengdri starfsendurhæfingu megi draga úr útgreiðslum sjóðanna vegna örorkubóta á móti þannig að tryggingafræðileg staða þeirra verði ekki lakari. Gert er ráð fyrir því að framlögin verði endurskoðuð fyrir árslok 2015 og að þá verði athugað hver áhrifin hafa verið á örorkubyrði lífeyrissjóða og almannatrygginga og hvort framlög til starfsendurhæfingarverkefna hafa skilað tilætluðum árangri. Þar sem óljóst er hvort framlögin dragi úr útgreiðslum sjóðanna vegna örorkubóta telur Seðlabankinn réttast að taka framangreind framlög með við mat á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðanna.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Sigríður Benediktsson  
frankvæmdastjóri